



## Hagkerfið dróst saman á þriðja ársfjórðungi

Landsframleiðslan dróst saman um 0,1% á þriðja ársfjórðungi borið saman við sama tímabil í fyrra. Einnig mældist samdráttur á fyrsta ársfjórðungi og nam hann 1,2%. Hagvöxtur var hins vegar jákvæður um 2% á öðrum fjórðungi.


### Samdráttur skýrist einungis af samdrætti útflutnings

Samdrátt landsframleiðslu á þriðja fjórðungi má einungis skýra með miklum samdrætti í útflutningi. Samdrátturinn nam 12,9% miðað við sama tímabil í fyrra. Ársfjórðungsgögn Hagstofunnar ná aftur til ársins 1995 og frá þeim tíma er þetta mesti samdráttur útflutnings á einum fjórðungi sem mælst hefur. Bæði útflutningur vöru og þjónustu dróst saman á fjórðungnum. Vöruútflutningur dróst saman um 5,2% en þjónustuútflutningur um 16,7% og skýrist samdráttur útflutnings vöru og þjónustu að megninu til af samdrætti þjónustuútflutnings. Sá samdráttur skýrist síðan aftur af brotthvarfi WOW air á þessu ári.


### Aðrir liðir en útflutningur voru með jákvætt framlag til hagvaxtar

Framlag annarra liða en útflutnings til hagvaxtar var jákvætt. Einkaneysla jókst um 2,1% sem var ögn meiri vöxtur en á öðrum fjórðungi þegar hann var 1,6%. Samneysla jókst um 2,9% á þriðja fjórðungi sem er svipaður vöxtur og á fyrstu tveimur fjórðungum ársins.

Fjármunamyndun jókst um 2,9% en töluverður samdráttur mældist á fyrstu tveimur fjórðungum ársins. Atvinnuvegafjárfesting dróst saman um 3,5% og var þetta fimmti fjórðungurinn í röð sem atvinnuvegafjárfesting dregst saman. Almenn atvinnuvegafjárfesting, þ.e. atvinnuvegafjárfestinga án skipa, flugvéla, stóriðju og tengdra greina, dróst mun meira saman, eða 14,2%. Aukning fjármunamyndunar milli ára skýrist einungis af aukningu íbúðafjárfestingar, en fjárfesting hins opinbera dróst einnig saman. Sá samdráttur nam 16,5%. Vexti fjármunamyndunar var því einungis



Breyting frá sama fjórðungi árið áður  
Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands




haldið uppi af vexti íbúðafjárfestingar sem reyndist mjög kröftugur en íbúðafjárfesting var 53,6% meiri á þriðja fjórðungi en á sama tímabili í fyrra.

Innflutningur dróst saman um 8,6% á þriðja fjórðungi og kom sá samdráttur í kjölfar 12,2% samdráttar á öðrum fjórðungi og 8,1% samdráttar á fyrsta fjórðungi. Samdráttur í innflutningi á þriðja fjórðungi skýrist bæði af samdrætti í vöru- og þjónustuinnflutningi en áhrif þess síðarnefnda voru þó ívið meiri.

### Hagvöxtur mælist á fyrstu þremur fjórðungum ársins


Á fyrstu þremur fjórðungum ársins mældist 0,2% hagvöxtur borið saman við sama tímabil í fyrra. Sá hagvöxtur skýrist þó fyrst og fremst af miklum samdrætti innflutnings milli ára. Mikill samdráttur innflutnings er jafnan skýrt merki um kólnun í hagkerfinu og má því segja að það að hagvöxtur skuli mælast gefi ekki góða mynd af þróun efnahagssumsvifa að þessu sinni. Þeir þættir sem helst hafa áhrif á að draga úr hagvexti eru útflutningur og fjármunamyndun. Útflutningur dróst saman um 6,8% á fyrstu 9 mánuðum ársins og má rekja það nær eingöngu til samdráttar í þjónustuútflutningi sem síðan aftur má að mestu leyti rekja til samdráttar í ferðaþjónustu. Fjármunamyndun dróst saman um 9,1% á fyrstu þremur fjórðungum ársins. Þann samdrátt má nær einungis rekja til samdráttar í atvinnuvegafjárfestingu sem síðan aftur má fyrst og fremst rekja til samdráttar í almenntri fjárfestingu, þ.e. fjárfestingu án stóriðju, skipa og flugvéla.

### Vöxtur eftir fjórðungum



Breyting frá sama tímabili árið áður  
Heimild: Hagstofa Íslands

### Hagvöxtur og framlag undirlíða



Miðað við fyrstu 3 fjórðunga hvers árs. Breyting milli ára  
Heimild: Hagstofa Íslands